

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, íbúðabyggð í Tungudal, Seljalandshverfi, Ísafjarðarbæ.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. apríl 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, frá 31. október 1990.

Breytingin felst í að svæði fyrir opinberar byggingar í Tungudal, Seljalandshverfi, verður íbúðarbyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 20. apríl 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

27. apríl 2004

Nr. 360

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Bresku Kólumbíu (British Columbia) í Kanada vegna hæsnapestar (Avian Influenza).

1. gr.

Með vísan til þess að ekki hafa borist neinar upplýsingar um upprætingu á hæsnapest í Bresku Kólumbíu í Kanada, en hæsnapest er skæður fuglasjúkdómur sem dreifst getur með milliríkjavíðskiptum, er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Bresku Kólumbíu í Kanada.

2. gr.

1. gr. á þó ekki við um afurðir fugla sem slátrað var fyrir 17. febrúar 2004.

3. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast gildi 1. maí og gildir til 23 ágúst 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. apríl 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.